

ÓVIÐUNANDI ÓFREMDARÁSTAND
Eftir að Sveinn Magnússon birti svarta skýrslu um Stuðningsþjónustu Geðhjálpar hefur málið tekið nýja stefnu.



Ástandið innan Geðhjálpar er löngu hætt að vera einkamál félagsamtaka

Félagsmálaráðherra og félagsmálastjóri Reykjavíkur hljóta að grípa í taumana

GEÐHJÁLPA Geðhjálparmálið snýst um vanefndir á þjónustusamningum við Félagshjónustuna í Reykjavík annars vegar og félagsmálaráðuneytið og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík hins vegar. Þessar vanefndir hafa leitt til stórhættulegs

ástands, sem þegar má tengja amk einu dauðsfalli.

Um málið hefur verið fjallað í fjölmiðlum út frá persónulegum illdeilum, fundaátökum og starfsmannadeilum en hagsmunir þeirra 35 einstaklinga sem áttu að vera í

umönnun Stuðningsþjónustu Geðhjálpar hafa fallið í skugga af vopnaviðskiptunum.

Vinnuhópur Geðhjálpar, sem skilaði álit daginn fyrir aðalfundinn fræga, virðist vera skipaður yfirveguðu fólki sem kemur víða að úr meðferðargeiranum. Álitnið tekur af allan vafa um að sjúklingarnir 35 sem eru í umönnun Geðhjálpar hafa ekki fengið umsamda þjónustu, hvað þá heldur þá þjónustu sem sérstök þarfagreining kallar á.

Þegar stöðugildi sem greitt er fyrir eru ekki mönnuð, húsnæði er óboðlegt, eftirlit með lyfjainntöku virðist ekki vera fyrir hendi, fagleg stjórn og framkvæmd ábótavant, er lítt skiljanlegt hversvegna félagsmálastjórinn í Reykjavík og félagsmálaráðherra eru ekki fyrir löngu búnir að grípa inn í málið. Vinnuhópurinn segir að eftirlitið hafi verið takmarkað



LÁRA BJÖRNSDÓTTIR
Hann hlýtur að láta málið til sín taka.



PÁLL PÉTURSSON
Hann hlýtur að láta málið til sín taka.

og óvissa um fyrirkomulag þess og framkvæmd. Ástandið í Geðhjálpar er ekki lengur einkamál samtakanna og þegar þjónustusamningar hafa verið þverbrotinir hljóta opinberir aðilar, sem hafa „boðið út“ þjónustuna að

geta skorist í leiðinn. Nú hlýtur að verða spurt: Hvað gerir félagsmálastjórinn, hvað gerir ráðherrann?

Það er svo önnur hlið á þessu máli að mjög hefur tókast í seinni tíð að gerðir séu þjónustusamningar við mannúðar- og líknarsamtök eða sjálfseignarstofnanir um yfirtöku á einstökum þáttum í félagshjónustu. Nú hlýtur að vakna sú spurning hvernig þeir séu almennt ræktir og hvort opinberir aðilar varpi sínum vanda yfir á vanburðug félagsamtök án þess að skeyta um hvort þeir sem þjónustuna eiga að njóta fái umsamda umönnun.

EKKI STAÐIÐ VIÐ ÞJÓNUSTUSAMNINGA

● Samningarnir gera ráð fyrir að ríki og borg greiði fyrir 15,79 stöðugildi en þjónustan sem veitt hefur verið nemur ekki nema sem svarar 11,95 stöðugildum. Samstarfshópur um þjónustumat hefur metið umönnunarþörf 35 skjólstæðinga Geðhjálpar og segir að hún kalli í raun á nær 21 stöðugildi. Alltof fátt fólk hefur því sinnt um sjúklingana.

● Misbrestur hefur verið á því að lyfjagjöf íbúa væri framfylgt og dæmi um að ónotuð lyf safnist upp hjá íbúum yfir lengri tíma, sem er stórhættulegt bæði þeim og öðrum.

● Ljóst er að eftirlit með framkvæmd þjónustunnar hefur verið takmarkað af hálfu Félagshjónustunnar í Reykjavík og Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra í Reykjavík. Jafnframt hefur óvissa

gætt um hver eigi að gera hvað í þessum efnum.

● Fyrir utan óboðlegt húsnæði á a.m.k. tveimur stöðum er augljóst á skýrslu vinnuhóps um þjónustusamningana við opinbera aðila, að Stuðningsþjónusta Geðhjálpar hefur ekki staðið við þá í nokkrum meginatriðum:

● Vinnuhópurinn segir í raun að Geðhjálpar hafi enga ráðið um stjórn Stuðningsþjónustu Geðhjálpar, og áréttar að það sé hlutverk samtakanna sem eigenda að ákveða stjórnarfrýrkomulag þeirrar þjónustustarfsemi sem samtökin hafa með höndum. Þarna sér í áralanga átakasögu sem kunnugur segja að hafi staðið allt frá stofnun Stuðningsþjónustunnar 1994.